



Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra
lagningu Suðurnesjalínu 2 frá Hafnarfirði að
tengivirki á Rauðamel



Bjarni F. Einarsson
2018

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 421 sem er heillegt skotbyrgi austarlega á
rannsóknarsvæðinu. (Horft mót N. Ljósm. BFE 2018).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Landsnet
Október 2018.

Inngangur

Að beiðni VSÓ ráðgjafar kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á tveimur lagnaleiðum hinnar fyrirhuguðu Suðurnesjalínu 2 frá Hafnarfirði vestur að tengivirki á Rauðamel. Eru leiðirnar sýndar á mynd 2. Staðsetning fornleifa/minja er sýndar á myndum 2 - x.

Farið var lauslega í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar og Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703. Vegna fyrri verkefna á leiðinni var farið ýtarlega í gegnum heimildir og sú vinna var nýtt nú.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 30. ágúst. - 11. september síðastliðinn. Veður var þokkalegt, hlýtt, en stundum vindasamt og blautt á meðan á vettvangsvinnu stóð. Svæðið er á köflum mjög erfitt yfirferðar þar sem skiptust á hraun, urð og grjót í mjög mishæðóttu landslagi. Nær engir ökufærir slóðar eru innan svæðisins fyrir utan línuvegi. Allar fornleifarnar/minjarnar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handtæki og lagfærðar í QGis eftir atvikum. Þessar mælingar voru svo sendar Minjastofnun Íslands á Shape formi (eða dxf eftir atvikum).

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflum 1 og 2 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa/minja (myndir 2 - 4). Vegir, stígar og götur eru hafðir á sérstökum loftmyndum (myndum 5 - 7).

Um nákvæmar staðsetningar einstakra leiða/stíga sem getið er um í Örnefnaskrár var ekki hægt að afla staðgóðra upplýsinga um, en vegna þess að þær hafa örugglega þverað þær lagnaleiðir sem um ræðir er hættumat þeirra vegna línulagnanna ætíð talið hátt. Götur eða stígar sem ekki var hægt að greina á vettvangi eru merktar með brotinni línu og svörtum tölum innan í hvítum hring.

Um kortavinnu sá VSÓ ráðgjöf og fulltrúi verkkaupa var Stefán Thors hjá VSÓ ráðgjöf.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru á rannsóknarsvæðinu, en skammt hjá eru Óttarstaðaborgin og kapellan við álverið. (Fornleifaskrá 1990:12).

Samtals voru 82 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina, 39 í Hafnarfirði og 43 í hinum gamla Vatnsleysustrandarhreppi, núverandi sveitarfélaginu Vogum.

Engar fornleifar töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi í Hafnarfirði. 12 fornleifar töldust hafa talsvert minja- og varðveislugildi, en það voru göturnar/stígarnir Lónakotsstígur (nr. 287:1), Óttarstaðaselsstígur (nr 288:1) og Straumsselsstígur (nr. 291:1). Einnig töldust eftirfarandi fornleifar hafa sömu gildi; gerði (nr. 4:1), hleðslur (nr. 295:1, nátthagi?), þrjú fjárskjól (nr. 304:1, 330:1 og 351:1), óþekkt rúst (nr. 426:1) og stekkur með aðhaldi (nr. 427). Fimm þessara staða töldust vera í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda, tveir í talsverðri og tveir í lítilli. Meðalgildi voru 3,24 í báðum flokkum. Í þessari skýrslu eru allar fornleifar sem eru innan rannsóknarsvæðisins taldar í talsverðri eða mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda og er ástæðan sú að þegar og ef til framkvæmda kemur verða stórvirkar vinnuvélar við störf og mikil hætta stafar af þeim. Hættuna er hægt að minnka verulega með flöggun eða öðrum merkingum.

Átta þessara fornleifa/minja voru taldar vera yngri en 1900, allt parsturslitlar vörður eða vörðulíki, og restin frá tímabilinu 1550 - 1900.



Mynd 1 . Ummerki um horfna vörðu skammt suður af Reykjanesbrautinni þar sem afleggjarinn frá Vogum kemur að henni. (Horft mót A. Ljósm. BFE 10.9.2018.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Fríðlýst?	Mótv.
	Hafnarfjörður									
4:1	Garður	1	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Þversnið
4:2	Gerði	1	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Rannsókn
287:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Engar
288:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Enar
289:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
291:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nei	Engar
292:1	Varða	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
294:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
295:1	Hleðslur	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Rannsókn
296:1	Skúti og vörður	3	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
304:1	Fjárskjól	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nei	Rannsókn
330:1	Fjárskjól og varða	2	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nei	Rannsókn
335:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
337:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
338:1	Varða	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
339:1	Varða	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
340:1	Girðing	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
344:1	Vörðulíki	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
345:1	Varða	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
346:1	Varða	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
347:1	Varða	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
351:1	Fjárskjól	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6,5)	Talsvert (6,5)	Nei	Rannsókn
352:1	Varða	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
418:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
419:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
420:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
421:1	Skotbyrgi	1	Línulögn	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Rannsókn
422:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
423:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
424:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Lélegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
425:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
426:1	Rúst	1	Línulögn	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
427:1	Stekkur og aðhald	2	Línulögn	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
428:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
429:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
		Fjöldi	39			Meðaltöld:	3,24	3,24		


Tafla 1 yfir skráðar fornleifar/minjar í Hafnarfirði. Hér er lagt mat á hættu sem minjunum stafar af vegna hinnar fyrirhuguðu framkvæmda. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna.

Minnt er á 15 m regluna í þessu sambandi. Minjar sem eru yngri en 100 ára njóta ekki verndunar laganna og því ekki hægt að fara fram á mótvægisáðgerðir að óbreyttu. Minjar frá hinu gamla bændasamfélagi eru þó ætíð skráðar og láttnar njóta vafans um aldur.


Því sem næst allar fornleifar í Hafnarfirði voru í svokölluðum Almenni, en mörk hans liggja þó ekki fyrir.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
	Vogar									
2:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1900-	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei	Engar
3:1	Fornleið	1	Línulögn	Mikil	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
5:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
7:1	Varða	1	-	-	Horfin	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	-
8:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Léleg	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
12:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
13:1	Byrgi og varða	2	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
14:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
15:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
16:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
17:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
18:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
19:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
20:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
21:1	Byrgi og varða	2	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Rannsókn
22:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
23:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	-	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
24:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
25:1	Vörður	2	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
26:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-199	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
27:1	Byrgi og varða	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (5,5)	Talsvert (5,5)	Nei	Rannsókn
28:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
29:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Léleg	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
30:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
31:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
32:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
33:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
34:1	Varða (refagildra?)	1	Línulögn	Lítill	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Rannsókn
35:1	Varða	1	Línulögn	Lítill	Ágætt	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
36:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
37:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
38:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
39:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Léleg	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
40:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
41:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
42:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Léleg	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
43:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
44:1	Varða	1	Línulögn	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Engar
45:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Léleg	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
46:1	Gata	1	Línulögn	Mikil	Léleg	1550-1900	Lítið (3)	Lítið (3)	Nei	Engar
		Fjöldi: 43				Meðaltöl:	2,76	2,76		


Tafla 2 yfir skráðar fornleifar/minjar í sveitarfélaginu Vogum (Vatnsleysustrandarheppi). Hér er lagt mat á hættu sem minjunum stafar af vegna hinnar fyrirhuguðu framkvæmda. Mótvægisaðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna.




Mynd 2. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa/minja á austanverðu rannsóknarsvæðinu við hina fyrirhuguðu Suðurnesjalínu 2. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur: VSÓ ráðgjöf).




Mynd 3. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa/minja um miðbik rannsóknarsvæðisins við hina fyrirhuguðu Suðurnesjalínu 2. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur: VSO ráðgjöf).




Mynd 4. Yfirlit yfir staðsetningu fornleifa/minja á vestanverðu rannsóknarsvæðisinu við hina fyrirhuguðu Suðurnesjalínu 2. (Loftm. Loftmyndir ehf. Viðbætur: VSÓ ráðgjöf).



Mynd 5. Götur og stígar á austanverðu rannsóknarsvæðinu. (Loftmynd; Loftmyndir ehf. Viðbætur VSO ráðgjöf).



Mynd 6. Götur og stígar um miðbik rannsóknarsvæðisins. (Loftmynd; Loftmyndir ehf. Viðbætur VSO ráðgjöf/Formleifafræðistofan).



Mynd 7. Götur og stígar á vestanverðu rannsóknarsvæðinu. (Loftmynd; Loftmyndir ehf. Viðbætur VSO ráðgjöf/Fornleifafræðistofan).

Línukostir	Vörður	Götur	Skotbyrgi/byrgi	Fjárskjól	Annað
Loflína frá Hrauntungu að Rauðamel	29	9	3	2	1
Jarðstrengur meðfram SN1	24	12	3	1	4
Jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut	4	14	-	-	3

Tafla 3. Fjöldi fornleifa við sérhvern valkost Suðurnesjalínu 2.

Í Vogum (Vatnsleysustrandahreppi) voru heldur engar fornleifar/minjar taldar í hæsta minja- eða varðveisluflokki. Sex fornleifar undir fjórum númerum voru taldar í næst hæsta minja- og varðveisluflokki, en það voru Skógfellavegur (nr. 3) og þrír staðir með byrgi og vörðu (nr. 13:1, 21:1 og 27:1). Allt hafa þetta verið skotbyrgi með tilheyrandi vörðum. Einn þessara staða taldist vera í mikilli hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda, en aðrir voru í lítilli hættu. Meðalgildi voru 2,76 í báðum flokkum.

Aðeins einar þessara fornleifa/minja var talin vera yngri en 1900, en það var óhrjáleg varða. Restin frá tímabilinu 1550 - 1900.

Fornleifarnar í Vogum eru líklega allar í almenningi, þó svæðið sem slíkt heiti ekki því nafni og gangi gjarnan undir nafninu Strandarheiði. Eins og í Hafnarfirði liggja mörk almennings ekki fyrir.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins og vörðum og götum eru gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Í vissum tilfellum er hægt að rannsaka botn varða og freista þess að undir þeim finnist gjóskulög til aldursgreininga. Á þessu svæði eru gjóskulög fá og leiðandi lag er frá 1226. Form botns og vörðu geta haft einhverja þýðingu um hlutverk varða þó ekki sé það rannsakað. Minjar sem fá einkun hærrí en 5 ætti að forrannsaka og meta svo framhaldið og þær sem fá hærrí einkun en 7,5 ætti að fullrannsaka. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Helstu fornleifar

Helstu fornleifarnar verður að telja rústir hinna meintu selja sem liggja sunnan við alla línukostina og eru utan við sjálft rannsóknarsvæðið (þau voru skráð í tengslum við fyrri hugmyndir að línuleiðum). Þau verða þó fyrir sjónrænum áhrifum verði syðsti línukosturinn fyrir valinu og áhrifin óveruleg til nokkuð neikvæð.

Eitt meint sel var talið liggja mjög nálægt jarðstrengskostinum við Reykjanesbrautina, en það er Þórusel. Ekki liggur þó ljóst fyrir hvoru megin brautar selið stóð og grafið hefur verið á þeim stað þar sem selið var talið vera sunnan brautar og ekkert fannst (Elín Ósk Hreiðarsdóttir, bréf dags 25. sept. 2018). Annaðhvort er það horfið í vegagerð, eða það er norðan brautar.

Samanburður á einstökum línukostum

Enginn línukostanna mun raska fornleifum með hátt minja- eða varðveislugildi. Yfirleitt eru það einfaldar vörður sem eru í mestri hættu, auk slóðanna sem liggja á milli bæja og seljanna sunnan við alla línukostina. Selin hafa öll verið skráð á fyrri stigum, en liggja nú utan við rannsóknarsvæðið. Sá línukostur sem liggur syðst hefur talsverð sjónræn áhrif á fjölda selja sem eru öll í hæsta minja- og varðveisluflokki. eru selstöðurnar nokkuð einkennandi fyrir Reykjanesið þar sem þær liggja út eftir því öllu eins og á talnabandi í góðri fjarlægð frá býlunum sem öll eru við ströndina (sum sel breyttust þó í kotbýli eins og Straumssel og Sel við Seltjörn). Af þessu leiðir að loftlínukosturinn er sísti kosturinn út frá fornleifum þó hann raski þeim ekki beinlínis því hægt er að taka tillit til þeirra allra hvað varðar staurasetningu og slóðagerð. Besti línukosturinn út frá fornleifum verður að teljast jarðstrengurinn við Reykjanesbrautina. Allir kostirnir eru þó ásættanlegir með fyrirvara um mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun Íslands kann að setja.

Sama gatan kemur fyrir, eðli málsins vegna, oftár en einu sinni við sögu í töflu 3 þar sem sama gatan mun í vissum tilfellum skera fleiri valkosti en einn. Þær eru því taldar upp í töflu 3 við hvern valkost þar sem þær þvera hann.

Einstaka fornleifar sem voru skráðar eru talsvert fyrir utan rannsóknarsvæðið og þær eru þá ekki taldar með í töflunni.

Við Reyknesbraut er vegur undir 3 númerum (nr. 425, 428-429). Er þetta gamli Keflavíkurvegurinn.

Hugsanlega eru Hvasahraunsselsstígur (nr. 32) og Vatnsgata (nr. 46) einn og sami stígurinn undir tveimur nöfnum. Mörg dæmi er um slíkt á svæðinu.

Þær götur eða stígar sem eru horfnar eru ekki taldar með í töflu 3.

Niðurstaða

Samtals voru 82 fornleifar/minjar skráðar í tengslum við umhverfismatið, 39 í Hafnarfirði og 43 í sveitarfélaginu Vogum (Vatnsleysustrandarhreppi). Engar þeirra töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi. Í Hafnarfirði töldust 12 fornleifar hafa talsvert minja- og varðveislugildi og í Vogum voru það sex fornleifar sem höfðu sömu gildi. Allar aðrar fornleifar/minjar töldust hafa lágt minja- og varðveislugildi, eða 64 talsins. 27 í Hafnarfirði og 37 í Vogum. Engar fornleifar fundust á rannsóknarsvæðinu í Grindavík né Reykjanesbæ, en svæðið telst vera á Njarðvíkurheiði.

Líklega er hægt að sneiða hjá fornleifum í flestum tilfellum, ef ekki öllum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu mörkum þeirra. Yngri minjar njóta ekki friðunar laganna, en aðeins einar í Vatnsleysustrandarhreppi féllu í þann flokk og átta í Hafnarfirði. Allt voru það vörður eða vörðulíki. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Allir línukostirnir teljast ásættanlegir út frá fornleifum með fyrirvara um hugsanlegar mótvægisáðgerðir sem Minjastofnun Íslands kann að krefjast.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna Suðvesturlínu í hraununum sunnan við álverið í Straumsvík*. Forneifafræðistofan. Reykjavík 2014.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanevnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Elin Ósk Hreiðarsdóttir. *Fornleifakönnun. Reykjanesbraut*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 2001.

Elin Ósk Hreiðarsdóttir. Bréf dags. 25. september 2018.

Gönguleiðir og áhugaverðir staðir. Markaðs og atvinnumálaskrifstofa Reykjanesbæjar. Kort.

Jónatan Garðarsson. „Gerðisstígur í Hraunum við Straumsvík.“ *Morgunblaðið* 23. júní 2002.

Lög um menningarminjar. Nr. 80 29. júní 2012.

Sesselja G. Guðmundsdóttir. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegjarins)*. Keflavík 1995.

Örnefnaskrá. *Auðnahverfi*. Ari Sigurðsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Flekkuvík*. Gísli Sigurðsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Hlöðunes*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Hvassahraun*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Hvassahraun*. Ari Gíslason skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Knarrarnes*. Gísli Sigurðsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Lónakot*. Gísli Sigurðsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Óttarsstaðir*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Vogar*. Gísli Sigurðsson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá. *Þorbjarnarstaðir*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fylgirit

Fornleifaskrá:

Hafnarfjörður

Nr. 4:1-2, 287:1 - 289:1, 291:1 - 292:1, 294:1 - 296:1, 304:1, 330:1, 335:1, 337:1 - 339:1, 341:1, 344:1 - 347:1, 351:1 - 352:1, og 418:1 - 429:1.

Vogar (Vatnsleysustrandarhreppur)

Nr. 2:1. - 3:1, 5:1, 7:1 - 8:1, 12:1 - 40:1 og 42:1 - 46:1.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		4
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Straumur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	30.8.2018	E 352709 N 395772	Isn 93	20	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður		Suð 18 Hell-Hel 09	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

U.þ.b. 25 m N við rafmagnslínu. Í mosavöxnu, frekar sléttu hrauni. 20 m S við úfinn hraunjaðar (apalhraun).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Garður.

Um 40 - 50 m langur (A - V), 0,5 - 1,3 m breiður og 0,1 - 0,4 m hár. Garðurinn er úr hraungrjóti og all mosavaxinn.

Garðurinn er mjög ógreinilegur og illa farinn.

GPS er mælt við austur endann.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		4
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
				2

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson/Karl Rúnarsson	30.8.2018	E 352702 N 395795	Isn 93	19	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gerði		Suð 18 Hell-Hel 09	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5,5	Talsvert	5,5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Um 50 m N af rafmagnslínu, upp við mjög úfið hraun (apalhraun).

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

7 x 10 m (ANA - VSV).


Veggir úr hraungrjóti, 0,7 x 1 m á breidd og 0,1 - 0,4 m á hæð.

Veggir eru all mosagrónir. Vestur hluti norðurveggjarins er hraunhamar.

Dyr eru á miðjum vestur gafli og snúa mót VSV.

Botn gerðisins er vel gróið grasi.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf rannsókn með leyfi Fornleifaverndar ríkisins og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		287
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Lónkot?		Lónakotsstígur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	31.8.2018	E 351114,860 N 393769,800	Isn 93	20	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata	Selstígur	Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900		Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Stígurinn hefur legið frá Lónakoti að Lónakotsseli. Yfir holt og hæðir um 20 m vestur af SN 1 16.

Heimildir og munnmæli

Jónatan Garðarsson. „Gerðisstígur í Hraunum við Straumsvík.“ *Morgunblaðið* 23. júní 2002.
Örnefnaskrá. Lónakot. Gísli Sigurðsson skráði.
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Gata.

Gatan er um 1,5 - 2 m breið og 0,2 - 0,4 m djúp þar sem hún var skoðuð. Liggur hún í norður - suður. Gatan er vörðuð að einhverju leyti. Ein varða er t.d. nokkra metra norðan við línuveg sem þarna fer um. GPS mæling var gerð sunnan í línuveginum.

Þann 9.12.2004 var GPS mælt við línuveginn: E 350634 N 395018 (20 mys. 4 m skekkja).

Önnur mæling gerð þann 31.3.2014 þar sem hin fyrirhugaða lína á að fara skammt norður af Straumsseli: E 351086 393815 (5 m skekkja).

Leiðin var hnitsett nákvæmlega þann 15. sept. 2014.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300/E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Gatan var fyrst skoðuð og GPS mæld inn í Isn 93 kerfið þann 9.12.2004 og aftur þann 4.10.2007. Nákvæm hnitsetning var gerð af Eflu 15.09.14.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		288
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Óttarsstaðir		Skógargata/Óttarsstaðaselstígur	1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	31.8.2018	E 351259 N 395244	Isn 93	19	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata	Selsstígur	Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900		Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5	Talsvert	5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Stígurinn hefur legið frá Eyðikotshlíð að Óttarsstaðasseli. Yfirholt og hæðir. Liggur um 10 m A af rafmangsstaur SN 1 14.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Óttarsstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Gata.

Gatan er um 0,4 - 0,6 m breið og 0,1 - 0,3 m djúp þar sem hún var skoðuð.

Gatan er vörðuð nokkrum frekar litlum vörðum sem virðast nýlegar og illa hlaðnar. Gatan er mjög auðrekkjanleg frá línuveginum dágóðan spöl til suðurs, en hverfur svo að mestu og verður ekki rakin með góðu eftir það. Til suðurs frá línuveginum var gatan rakin talsvert til norðurs og hélt svo áfram eftir að mælingunni slepti.

GPS mæling við línuveginn þann 9.12.2004: E 351259 N 395244 (19. mys. 4 m skekkja).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Gatan var GPS mæld að inn í Isn 93 kerfið þann 4.10.2007 og aftur þann 20.3.2014. Nákvæm hnitsetning var gerð 16.09.14.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		289
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Óttarsstaðir		Tobbuvarða?		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.8.2018	E 351837 N 395417	Isn 93	22	4

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða	Landamerkjavarða	Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Línulögn	Talsverð	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Um 12 m suður af línuvegi og um 20 m austur af rafmagnsstaur SN1 12. Í apalhrauni.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Þorbjarnarstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Varða.

Botn vörðunnar virðist vera þríhyrningslaga og eru armarnir 1,3 m langir. Hæð vörðunnar er 1,2 m. Úr grjóti.

Varðan varðar götu (nr. 291).

Varðan var aftur skoðuð þann 14.11.2006 og mæld inn í Isn. 93 og metin. E 351837 N 395417. 18. m.y.s. Skekkja 5 m.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		291
Landareign	MÍ:Nr	Heiti	Undirnr.	
Óttarsstaðir		Straumsselsstígur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	31.8.2018	E 352643,480 N 393804,620	Isn 93	22	

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata	Selsstígur	Suð 18 Hell-Hel 09 - SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Línulögn	Mikil	Sæmilegt	1550-1900		Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6,5	Talsvert	6,5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Um 35 m austur af rafmagnsstaur SN1 12. Í úfnu hrauni og holt og hæðir að Straumsseli.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Óttarsstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Gata.

Gatan er um 1 - 2 m breið og allt að 0,7 m djúp þar sem mest er. Gatan er nokkuð hlykkjótt.

Gatan er vörðuð (sbr. varða nr. 289).

Þegar nær dró Straumsseli mátti sjá rás í hraunhellunni. Segir það dálítið til um aldur selsins. Vegna þessa hækkar minja- og varðveislugildið mjög.

GPS var mælt þar sem línuvegur fer yfir götuna.

Efri myndin sýnir rás í hraunhelluna. Bendir þetta til þess að leiðin sé býsna gömul, jafnvel eldri en 1550. Prufurannsókn við Fornasel, skammt austur af Straumsseli, sýndi að Fornasel var a.m.k. svo gamalt. Rásin gæti einnig bent til þess að hér sé um gleymda þjóðleið að ræða yfir nesið. T.d. vegna verslunar í Straumsvík í lok miðalda?

Leiðin er auðrekjanleg frá núverandi línuvegi að áhrifasvæðinu syðst við hina fyrirhuguðu línu skammt norur af selinu. Neðri myndin er tekin þar.

Við línuveginn var GPS:

E 352137 N 395409 (mælt þann 14.11.2006).

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Fyrst skráð 9.12.2004 og svo aftur 14.11.2006. Gatan skoðuð enn á ný þann 4.10.2007. Þá var hún talin í mikilli hættu vegna annarar rafmagnslínu. Þá var hún GPS mæld að nýju (við núverandi línuveg). Nákvæm hnitsetning var gerð 15.09.14.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Sandra Sif Einarsdóttir

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000/Olympus E-410

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		292
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.8.2018	E 352137 N 395409	Isn 93	22	5 m.

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Ekkert	Engin	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Um 70 m suður af rafmagnsstaur SN1 11 og um 80 m suður af línuvegi. Á stórum steini norðan við „dal“.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Um 1,2 m í þvermál og 1,2 m há. Úr grjóti. Botn er óreglulegur.

Ekki er ljóst hvað varðan varðar.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus mju 300

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Áður skráð 10.12.2004.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		294
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorbjarnarstaðir		Gerðisstígur/Efrihellnastígur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.8.2018	E 352605 N 395790	Isn 93	16	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata		Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900		Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Leiðin hefur legið frá Gerði suður í Rauðamelsrétt og áfram til suðurs, yfir holt og móa. (nr. 293).

Heimildir og munnmæli

Jónatan Garðarsson. „Gerðisstígur í Hraunum við Straumsvík.“ *Morgunblaðið* 23. júní 2002. *Örnefnaskrá*. Þorbjarnarstaðir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Lýsing

Gata.

Leiðinni er lýst eftirfarandi í Örnefnaskrá: „Stígurinn lá frá bænum [Gerði] upp á Brunabrún upp í Hraunhornsstíg....“ Héðan [Rauðamelsrétt] var stígurinn kallaður Efrihellnastígur.

Hugsanlega liggur gatan með Brunanum nær alla leið að Rauðamelsrétt og áfram í átt að Fjárborginni og áfram til suðurs? Hún sást ekki svo að öruggt væri við vettvangskoðun á rannsóknarsvæðinu.

Könnuð var loftmynd á Byggðasafni Hafnarfjarðar þar sem leiðin hefur verið sett inn.

Við vettvangskönnun þann 22. sept. 2014 var ekki hægt að rekja leiðina mikið suður fyrir Rauðamelsréttina. Yfirleitt var leiðin óræð og hefur líklega hríslast um svæðið í árána rás.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Gatan var GPS mæld þar sem malarvegur liggur yfir hana. Mælingin var gerð þann 18.12.2007. Nákvæm hnitsetning var gerð 15.09.14.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		295
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Lónakot?				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson		E 349642 N 394560	Isn 93	37	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Hleðslur	Nátthagi	Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	5,5	Talsvert	6	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Um 35 m suður af línuvegi og um 50 m suður af rafmagnslínu og SV af staur SN 1 19. Í grasi grónu jarðfalli.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Hleðslur.

Hleðslurnar eru í suðvestanverðu jarðfalli, undir dálitlum skúta. Jarðfallið er um 12 m breitt og opið til NA.

Hleðslurnar eru um 2 x 6 m (A - V). Veggir úr grjóti um 0,3 - 1 m breiðir og 0,3 - 1,1 m háir. Tvö hólf eru á aðalmanvirkinu og er milliveggurinn sem skilur þau að um 1 m breiður og 1,1 m hár.

Skútinn er um 2 m djúpur og um 2 m hár við opið.

Hornrétt út frá þessari hleðslu liggur önnur til norðurs um 3 m löng, 0,3 - 0,6 m breið og 0,2 - 0,4 m há.

Í og við hleðslurnar eru járnvírar og gaddavír. Ofan á skútanum eru leifar af girðingu.

Líklega er þetta fjárból.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS 550D

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		296
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorbjarnarstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.8.2018	E 352864 N 395678	Isn 93		6

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Skúti og vörður	Fjárskjól	Suð 18 Hell-Hel 09. SV	3				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Ekkert	Engin	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Ca. 90 - 100 m S af rafmagnslínu. Á lágum hraunhól. Í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Skúti og vörður.

1) Skúti.

5 x 6 m (NA - SV). Op skútans snýr mót V og nær yfir nær alla breidd skútans. Engar hleðslur sjást í skútanum. Ofan á þaki hans er varða.

2) Varða.

Ca. 1 x 1 m og 0,4 m há. Úr grjóti. Varðan er ofan á skúta og hefur hugsanlega varðað hann. Hún er fallin.

3). Varða.

Um 0,8 x 1 m (ANA - VSV) og 0,3 m há. Úr grjóti. Varðan er fallin.

GPS mælt við 1).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Fornl. voru nákvæmlega mældar inn af Hafnafjarðarbæ 352857.1542 395734.8859.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		304
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorbjarnarstaðir				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson	30.8.2018	E 352758 N 395772	Isn 93	17	6

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fjárskjól		Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6,5	Talsvert	6,5	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Um 10 m N af rafmagnslínu og um 50 m NA af staur SN1-9. Í jarðfalli í móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fjárskjól.

7 - 8 m langur skúti (NV - SA). Framan við skútann er sveigður garður eða veggur um 4 m langur, 0,3 - 0,6 m breiður og 0,4 - 1 m hár. Dyr eru á garðinum í NV enda og snúa þær mót SV. Um 6 m SV af skútanum, í sama jarðfalli er annar skúti. Þar sást ekki mannvirki.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		330
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarasdóttir		E 350984 393977	Ísn 93		3

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Fjárskjól og varða		Suð 18 Hell-Hel 09. SV	2				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900		Línulögn	Lítill	Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6,5	Talsvert	6,5	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Um 60 m V við Óttarsstaðaselstíg. Í jarðfalli í kjarrivöxnu hrauni.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Fjárskjól og varða.

1) Fjárskjól.

6 x 8 m (NNV - SSA). Undir skúta sem nær yfir allt skjólið. Lofthæð mest 1 m. Fyrirhleðsla úr hraungrjóti, 6 m löng, 1 - 1,3 m á hreidd og 0,6 m há. Hún er talsvert mosavaxin. Tvennar dyr eru á fyrirhleðslunni mót VSV. Á botni skjólsins er lítið af grjóti.

Framan við skjólið, í jarðfallinu, standa gamlar bjarkir.

Nokkra metra vestur af skjólinu er varða.

2) Varða.

0,9 x 1,2 m (N - S). Úr hraungrjóti, 1,4 m á hæð. Varðan er fremur gisin um miðjuna og annað hvort hefur hún gliðnað eða verið eins og A í laginu með op í miðjunni. Hugsanlega hefur hrunið niður í opið og það fyllst að hluta.

GPS var mælt á vörðunni.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePex S 9600

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		335
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson		E 353517,992 N 393924,174	Isn 93		-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Suð 18 Hell-Hel 09. SV	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Ágætt	1900-		Línulögn	Lítill	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	2	Lítið	2	Nei	Nei		

Legg og staðhættir

Í hrauni. Ofan á stórra hraunhellu, við brún hennar, sunnan við sprungu.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

Stendur ofan á stórum steini. Úr hraungrjóti, óregluleg í forminu, en nokkuð hringlaga botn um 0,7 m í þvermál og um 1,2 m há. Hugsanlega er vegvísir efst sem bendir í austur, eða þar sem Gjáselstígur liggur að líkindum.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Varðan var fyrst skráð 3.03.2009. Hún var nákvæmlega mæld inn þann 18. sept. 2014.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		337
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorbjarnarstaðir		Gjáselsstígur		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Bjarni F. Einarsson		E 353581,010 N 393907,960	Isn 93	-	-

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Gata	Selsstígur	Suð 18 SV 14	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Línulögn	Mikil	Lélegt	1550-1900		Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Lítið	3	Lítið	3	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Yfir holt og hæðir og helluhraun.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gata.

Leiðin er býsna ógreinileg og ekki hægt að staðsetja hana á áhrifasvæðinu með góðu mótí. Varðan (nr. 320) gefur þó góða vísbendingu um að leiðin sé rétt austur af henni.

Stígurinn sást ekki svo að víst væri við núverandi línuveg.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska henni og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Nákvæm hnittsetning fór fram þann 18.09.14.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Nív. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Gullbringusýsla	Hafnarfjörður	1400		338
Landareign	MÍ:Nr	Heiti		Undirnr.
Þorbjarnarstaðir				1

